Fréttatilkynning
frá Landssamtökum lífeyrissjóða
30. október 2013

- Ný og greið leið að upplýsingum um öll áunnin lífeyrisréttindi í samtryggingarsjóðum

Lífeyrissjóðir landsins opna í dag aðgang að **Lífeyrisgáttinni**, nýrri leið sjóðfélaga til að fá á einum stað upplýsingar um áunnin lífeyrisréttindi sín í samtryggingar-sjóðum.

Sjóðfélagar fá aðgang að **Lífeyrisgáttinni** á heimasíðum lífeyrissjóðanna og nota þar sama aðgangsorð og gildir fyrir sjóðfélagavefi.

Algengt er að fólk eigi réttindi í mörgum lífeyrissjóðum, til dæmis frá þeim tíma þegar það vann með námi hér og þar. Aðrir hafa skipt oft um starf á ferlinum og skipt þá gjarnan um lífeyrissjóð í leiðinni.

Hingað til hafa sjóðfélagar fengið send yfirlit um hvar þeir eiga lífeyrisréttindi en orðið að sækja sjálfir upplýsingar um hver þau réttindi nákvæmlega eru frá fyrri tíð. Nú opnast þeim greið leið með **Lífeyrisgáttinni** að þessum upplýsingum.

„Opið hús“ hjá lífeyrissjóðum 5. nóvember

„Opið hús“ verður hjá lífeyrissjóðum landsins á þriðjudaginn, 5. nóvember 2013, til að gefa sjóðfélögum kost á að kynna sér **Lífeyrisgáttina** betur og ræða um lífeyrisréttindi sín.

Þennan dag hafa lífeyrissjóðirnir opið lengur en venjulega, sjá nánar á heimasíðum hvers lífeyrissjóðs.

Þórey S. Þórðardóttir
framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða
thorey@ll.is
sími 899 3434